

128. löggjafarþing 2002-2003  
þskj. ..

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd

1. Á undan 3. gr., sem verði 6. gr., komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:  
(3. gr.) 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo: Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr. að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur eigna skv. 2. – 6. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr.  
(4. gr.) Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:
  - a. Í stað hlutfallstalnanna „5“ og „10“ í 1. tölul. kemur: 10 og 20
  - b. Í stað hlutfallstalnanna „5“ og „10“ í 2. tölul. kemur: 10 og 20
  - c. Í stað hlutfallstalnanna „5“ og „15“ í 3. tölul. kemur: 10 og 30
  - d. Í stað hlutfallstalnanna „10“ og „20“ í a-lið 4. tölul. kemur: 20 og 35
  - e. Í stað hlutfallstalnanna „10“ og „20“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20 og 35  
(5. gr.) Í stað orðanna „fyrningargrunni hennar“ í 45. gr. laganna kemur: stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 10. gr.
2. Við 13. gr., sem verði 16. gr. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:  
Þrátt fyrir ákvæði 8. tölul. 31. gr. er einungis heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á árunum 1994 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarársins 2003.
3. Á eftir 13. gr., sem verði 16. gr., komi ný grein svohljóðandi:  
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum, svo breytt.
4. Við 14. gr., sem verði 18. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Ákvæði 3. gr., 4. gr. og 5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

### Athugasemdir við breytingartillögur

Í breytingartillögum þessum er lagt til að teknar verði upp stíglækkandi fyrningar í stað línulegra fyrninga á lausafé. Með stíglækkandi fyrningum eru eignir fyrndar af eftirstöðvum bókfærðs verðs í stað stofnverðs hverju sinni þannig að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi. Mjög víða innan OECD ríkjanna eru notaðar

stiglækkandi fyrningar. Almennt virðast ríki sem heimila stiglækkandi fyrningar einnig beita línulegum fyrningum og þá á eignir sem hafa mjög langan líftíma t.d. mannvirki en stiglækkandi fyrningar eru þá notaðar á lausafé.

1. (3. gr.) Lagt er til að heimilaðar verði stiglækkandi fyrningar á lausafé, þ.m.t. skipum, loftförum, bifreiðum, vélum og tækjum og er verið að skilgreina fyrningargrunn þeirra eigna í þessari breytingatillögu. Þá er einnig lagt til að 2. másl. 2. mgr. 35. gr. laganna verði felldur niður þar sem málsliðurinn er óþarfur eftir afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum en stofnverð eigna er að öðru leyti ákvarðað í 2. mgr. 10. gr. laganna.  
 (4. gr.) Í þessari breytingatillögu eru lagðar til breytingar á fyrningarhlutföllum. Fyrningarhlutfall eigna sem fyrndar verða með stiglækkandi fyrningu eru hækkuð þannig að fyrningartími verði sem næst því hinn sami og áður sem leiðir til þess að uppsafnaðar fyrningar verða fyrstu árin hærri heldur en þær hefðu orðið við línulegar fyrningar. Eins og áður segir verður fyrningartíminn nánast óbreyttur þar sem fyrnt er niður í niðurlagsverð.  
 (5. gr.) Eftir að fyrningargrunnur í 2. mgr. 35. gr. laganna hefur annars vegar verið skilgreindur fyrir eignir sem fyrndar eru með línulegri fyrningu og hins vegar fyrir eignir sem fyrndar eru með stiglækkandi fyrningu er þörf á að breyta 45. gr. laganna til samræmis.
2. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að rekstraraðilum verði einvörðungu heimilt á rekstrarári 2003 að nýta rekstrartöp aftur til rekstrarársins 1994 eða í níu ár þannig að tap verði ekki endurvakið með afturvirkum hætti þó svo að verið sé að lengja yfirfærslu tapa úr átta árum í tíu ár.
3. Tillagan þarfnast ekki skýringar.
4. Tillagan þarfnast ekki skýringar.

### Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981,  
um tekjuskatt og eignarskatt.

Á eftir 4. gr. frumvarpsins kemur ný grein svohljóðandi:  
Í stað „320.616 kr. í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 321.900 kr.

#### *Almennar athugasemdir við breytingartillögu.*

Hér er lagt til að persónuafsláttur vegna tekjuársins 2003 hækki um 0,4%, eða úr 26.718 krónum í 26.825 krónur. Þessi hækkun kemur til viðbótar fyrri ákvörðun um að persónuafsláttur skyldi hækka um 2,75% frá og með 1. janúar 2003 sbr. 21. gr. laga nr. 149/2000. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 2000, í tengslum við gerð kjarasamninga það ár, kemur meðal annars fram að persónuafsláttur skuli breytast í takt við umsamdar, almennar launahækkningar á samningstímabilinu. Á þeim tíma var gert ráð fyrir 2,25% hækkun 1. janúar 2003 eins og kjarasamningar við svokallað Flóabandalag, þ.e. Eflingu, Hlíf og verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, gerðu upphaflega ráð fyrir. Með sérstöku samkomulagi þeirra félaga sem að Flóabandalaginu stóðu og Samtaka atvinnulífsins frá 22. október 2000 var ákveðið að launahækkunin skyldi nema 2,75%. Í desember 2001 var af hálfu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands samið um að bæta 0,4% við fyrrgreinda launahækkun þannig að samanlagt myndu laun hækka um 3,15% 1. janúar 2003.

Áætlað er að hækkun persónuafsláttar um 0,4% leiði til um 240 m.kr. tekjutaps hjá ríkissjóði á árinu 2003. Þessi ákvörðun hefur hins vegar engin áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga.

# FJÁRSÝSLA RÍKISINS

271102ase

## Tekjur rikissjóðs af aukatekjulögum árin 1997 - 2001

Kafli	I þús.kr.	2001	2000	1999	1998	1997
I	Dómsmálagjöld	82.532	68.838	47.512	49.782	48.843
II	Gjöld fyrir fullnusutgerðir og búskipti fyrir sýslumanni	477.612	378.983	323.902	325.488	338.996
III	Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir	140.768	146.441	153.657	144.741	118.160
IV	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda	17.227	21.679	16.510	13.229	20.721
V	Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	55.523	38.048	33.640	43.805	25.306
VI	Ýmis leifi varðandi heimið til að selja kaupa og fara með hættuleg	9.757	7.951	5.965	5.064	3.298
VII	Gjöld fyrir ýmsar skráningar	177.561	199.784	184.642	159.897	140.915
VIII	Ýmis vottorð og leyfi	283.833	331.765	280.232	248.192	215.525
IX	Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar	9.114	10.658	9.022	8.643	7.143
X	Afgreiðslugjald skipa	37.589	35.665	37.023	32.742	32.098
XI	Ljósrit, endurrit og eftirgerð	20.837	19.485	12.329	18.660	11.899
XII	Gjöld fyrir staðgistingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífey	95	100	140	141	0
Alls		1.312.448	1.259.397	1.104.574	1.050.384	962.904